



# MÓTA OG KEPPENDAREGLUR ÍSÍ

## 1. KAFLI OPINBER MÓT

### 1. grein

Reglur þessar gilda um opinber íþróttamót sem háð eru innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ).

Opinber íþróttamót teljast þau mót, þar sem fleiru en einu félagi er heimil þátttaka.

### 2. grein

Ef einstök sérsambönd hafa eigin móta- og keppnisreglur skulu þær innihalda ákvæði um eftirtalin atriði:

- Mótahald, þ.m.t. leyfi til mótahalda, auglýsingar móta og þáttökutilkynningar.
- Reglur um þátttöku, þ.m.t. hlutgengi keppenda og félagsréttindi. Þar skal m.a. koma fram að hlutgengi keppenda sé háð aðild þeirra að félagi innan ÍSÍ og að félagið standi í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við gr. 8.1 í lögum sambandsins.
- Reglur um mótmæli, kærur og viðurlög.
- Hvernig brugðist skuli við þegar móti er frestað.
- Reglur um keppendur, þ.m.t. framkomu, klæðaburð og tilkynningu um forföll.
- Reglur um dómara og starfsmenn móta.

### 3. grein

#### Leyfi:

Þar sem sérsamband er ekki starfandi eða sérsamband hefur ekki samþykkt eigin móta- og keppendareglur gilda þau ákvæði sem hér fara á eftir:

Til þess að halda opinber íþróttamót, þarf leyfi eftirtaldrá aðila:

- Mót með þátttöku erlendra íþróttamanna:  
Leyfi hlutaðeigandi sérsambands, sbr. þó grein 18, i-liður laga ÍSÍ.
- Íslandsmeistaramót og önnur landsmót:  
Leyfi sérsambanda.
- Keppni milli héraða:  
Leyfi viðkomandi héraðssambanda og sérsambanda. Sé um að ræða keppni við erlend íþróttahéruð og bæi, þarf leyfi viðkomandi sérsambanda innanlands og erlendis.
- Mót milli félaga innan íþróttahéraðs:  
Leyfi hlutaðeigandi sérráðs/héraðssambands og sérsambands. Hvert sérráð skal leita samþykkis héraðsstjórnar sinnar um stað og tíma allra opinberra móta, sem fara fram í íþróttagrein þess í héraðinu.

Þegar ekki er starfandi sérsamband fyrir íþróttagrein, gegnir ÍSÍ hlutverki sérsambands.



## Umsóknir:

Umsóknir um leyfi til að halda íþróttamót skv. lið a og b skulu hafa borist viðkomandi aðilum með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara. Í umsókn skal tilgreina keppnisgrein/greinar, stað og tíma. Umsóknarfrestur skv. lið c og d ákvarðast af hlutaðeigandi héraðsstjórn.

### 4. grein

#### Auglýsingar:

Alþjóðamót og Íslandsmeistaramót skulu auglýst í fjölmiðlum með eigi minna en tveggja mánaða fyrirvara.

Önnur landsmót og keppni milli héraða skal auglýsa á sama hátt með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Önnur opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara.

Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni.

### 5. grein

#### Þátttökutilkynningar:

Í auglýsingunni um opinber mót, skal framkvæmdaaðili taka fram frest til þess að tilkynna þátttöku.

### 6. grein

#### Framkvæmdanefndir:

Hverjum aðila, er hefur fengið leyfi til að halda opinbert mót, er skylt að skipa sérstaka framkvæmdanefnd til að annast allar nauðsynlegar framkvæmdir. Skulu slíkar nefndir hafa náð samband við hlutaðeigandi aðila, dómarafélag, sérráð, héraðssambönd, sérsambönd eða hlutaðeigandi nefndir ÍSÍ, um þau atriði, er heyra undir þá aðila. Ennfremur ber framkvæmdanefnd að sjá um útgáfu leikskrár, er sé tilbúin a.m.k. einum degi fyrir mót.

Loks ber framkvæmdanefnd að sjá um, að samin sé ýtarleg skýrsla um mótið er senda skal hlutaðeigandi héraðssambandi og sérsambandi eigi síðar en mánuði eftir að mótinu lauk.

## 2. KAFLI ÞÁTTTÖKUREGLUR

### 7. grein

#### Hlutgengi keppenda:

Aðeins félagsbundnum íþróttamönnum og þá einungis frá félögum, sérráðum og héraðssamböndum sem standa í skilum með skýrslugerðir til ÍSÍ í samræmi við grein 8.1 laga ÍSÍ er heimil þátttaka í opinberum mótum innan vébanda ÍSÍ. Sé um erlenda íþróttamenn að ræða, þurfa þeir að hafa skriflegt leyfi síns sérsambands.

Útlendingi er heimil þátttaka í Íslandsmeistaramóti í flokkaíþróttum en þátttökurétt í Íslandsmeistaramóti í einstaklingsíþrótt öðlast erlendur ríkisborgari ekki fyrr en eftir a.m.k. þriggja ára samfellda búsetu hérlandis. Viðkomandi einstaklingur verður að vera í félagi innan ÍSÍ.

### 8. grein

#### Félagsréttindi:

Keppnisrétt öðlast íþróttamenn þegar þeir hafa verið að minnsta kosti einn mánuð á félagsskrá hlutaðeigandi íþróttafélags.

Íþróttamenn mega aðeins keppa fyrir eitt félag í sömu íþróttgrein á sama almanaksári. Sérsamböndum er þó heimilt að hafa aðrar reglur varðandi ofangreind atriði.



Undantekningar frá þessari reglu eru:

- a. Skólanemendur mega keppa fyrir skólafélag sitt við íþróttafélag innan ÍSÍ, án þess að missa keppnisrétt fyrir heimafélag sitt, ef til kemur ósk frá því héraðssambandi, þar sem skólafélag starfar og framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkir. Slík undanþága gildir þó aðeins meðan skóli viðkomandi skólafélags starfar.
- b. Íþróttamaður sem dvelst um tíma erlendis við nám eða vinnu og æfir og keppir með íþróttafélagi í því landi sem hann dvelst í, missir af þeim ástæðum eigi nein réttindi til keppni í heimafélagi sínu innan ÍSÍ. Þó ber að taka tillit til þeirra reglna sem gilda um þetta efni hjá þeim alþjóðasamböndum sem íslensk sérsambönd eru aðilar að.

### **9. grein**

#### **Keppni á vegum héraðssambanda:**

Rétt til þess að keppa fyrir héraðssamband á hver íþróttamaður, sem hefur keppnisrétt fyrir löglegt íþróttafélag í héraðinu.

### **10. grein**

#### **Aldursákvæði:**

Íþróttamönnum skal skipta í aldursflokka, og skal það vera meginregla að miða aldur þeirra við almanaksár. Heimilt er að keppa í eldri aldursflokki. Um öldungakeppni skal farið eftir sérstökum reglum.

## **3. KAFLI MÓTMÆLI OG KÆRUR**

### **11. grein**

Með mótmæli og kærur skal fara í samræmi við 4. kafla í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

### **12. grein**

#### **Framhaldskeppni:**

Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni mega þeir aðeins keppa sem höfðu keppnisréttindi þegar keppnin átti að fara fram. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

### **13. grein**

#### **Keppni hætt eða ekki komið til leiks:**

Ef íþróttafélag skráir íþróttamann til keppni og sannanlegt er að það sé gert án samþykkis viðkomandi íþróttamanns, ber að dæma íþróttafélagið til refsingar.



## 4. KAFLI KEPPENDAREGLUR

### 14. grein

#### **Framkoma og ábyrgð:**

Keppandi skal koma heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og eigi beita óleyfilegum brögðum. Hann skal sýna dómurum og starfsmönnum mótsins tilhlýðilega virðingu og eigi fara niðrandi orðum um þá eða áhorfendur.

Keppandi skal ávallt reyna að gera sitt besta og eigi hætta keppni að ástæðulausu. Keppandi er sjálfur ábyrgur fyrir því að allar persónulegar upplýsingar séu réttar, svo sem aldur, flokkur og keppnisréttindi. Hann æfir sig og keppir á eigin ábyrgð, og ber framkvæmdanefnd mótsins því enga ábyrgð á meiðslum, er hann kann að verða fyrir.

Brjótí keppandi einhverja af framanskráðum reglum, á hann á hættu að vera vikið úr keppni.

### 15. grein

#### **Klæðaburður:**

Keppandi skal mæta til keppni í þeim búningi, sem hæfir hlutaðeigandi íþróttgrein. Sé einhver þannig klæddur, að ósæmilegt megi teljast, getur leikstjóri bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því, sem ábótavant er.

Séu búningar tveggja kappliða mjög líkir, skal það lið, sem leikur á heimavelli, skipta um búning, ella það, sem fyrr er í stafrófsröð.

### 16. grein

#### **Forföll:**

Keppandi skal tilkynna forföll í tæka tíð og má enginn ganga úr keppni, þótt hann hafi lögleg forföll, án þess að tilkynna það leikstjóra eða framkvæmdanefnd.

Brot á þessu varðar áminningu eða missi keppnisréttar um ákveðinn tíma.

## 5. KAFLI DÓMARAR OG STARFSMENN

### 17. grein

#### **Almennar skyldur:**

Dómarar og starfsmenn opinberra móta skulu jafnan koma til starfa það tímanlega, að þeir geti gengið úr skugga um að allur útbúnaður sé löglegur.

Dómarar, sem án gildrar ástæðu mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómarréttindin, allt að 6 mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum eða áhorfendum.

### 18. grein

Framkvæmdastjórn ÍSÍ er úrskurðaraðili ef ágreiningur verður um framkvæmd þessara reglna og verður þeim úrskurði ekki áfrýjað.

Heimilt er að kæra meint brot og skal með slík mál farið skv. 4. kafla í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ.

Með þessum reglum ganga úr gildi eldri reglur ÍSÍ um sama efni.

**Breyting gerð á Íþróttáþingi ÍSÍ 27.- 28. apríl 2002.**